Aðalfundur Trausta

haldinn í Félagsheimilinu Borg 22.1.2014 kl:20:00

Fundarmenn: Sigurður Gunnarsson, Birgir Leó Ólafsson, Bjarni Þorkelsson, Kjartan Gunnar Jónsson, Benedikt Gústafsson, Ingibjörg Harðardóttir, Guðmundur Birkir Þorkelsson, Kristinn Vilmundarson, Eiríkur Steinsson, Ragnheiður Bjarnadóttir og Sölvi Arnarson.

Formaður setti fundinn.

Fundarstjóri var kjörinn Guðmundur Birkir Þorkelsson.

Fundarritari Birgir Leó Ólafsson.

1. **<u>Fundargerð aðalfundar 2012 lesin upp.</u>**

   Fundargerð síðasta aðalfundar lesin upp af ritara.
   Fundastjóri ber upp aðalfundargerð 2012 til samþykktar.
   Rangt er farið með nefndarmenn í reiðveganefnd, Sigurður Halldórsson kemur inn í stað Óla Fjalars Böðvarsonar. Einnig er rangt sagt að formaður sé kjörin til tveggja ára, skv lögum félagsins er hann kosinn til eins árs.
   Samþykkt samhljóða með með handauppréttingu.

2. **Skýrsla stjórnar.**

   Guðmundur Birkir formaður les upp skýrslu stjórnar. Hann fer yfir helstu mál, ræðir vallarmál og segir frá að það sé stefna stjórnar að ljúka gerð keppnisvallar. Stefnt er á vígslu í júlí.
   Nefnir samstarfsverkefni með öðrum félögum í uppsveitunum. Hagnaður varð af árshátíðum síðustu tveggja ára og var það samþykkt af stjórn að leggja hagnað fyrri árshátíð skyldi vera styrkur til Reiðhallarinnar á Flúðum. Þessi styrkur er einangrað dæmi og ekki fordæmisgefandi fyrir mögulegan hagnað árshátíða framtíðar. Næsta árshátíð verður haldin á Borg í október næstkomandi.
   Rætt var á árinu jakkamál félagsins og möguleg kaup á félagsjökkum.
   Formaður situr í framkvæmdarnefnd Landsmóts.
   Stjórn þakkar nefndum fyrir vel unnin og óeigingjarnt starf. Sérstakar þakkir fær Æskulýðsnefnd fyrir vel heppnað námskeiðahald og Vallarmót í sumar.
   Bjarni Þorkelsson spyr hvort það megi túlka það svo að völlurinn á Laugarvatni eigi að heita Laugarvatnsvöllur eins og segir í skýrslu nefndar. Formaður segir svo ekki vera, einungis sé um að ræða vinnuheiti að svo stöddu.
   Bjarni Þorkelsson tekur undir orð formanns með þakkir til Æskulýðsnefndar. Hann spyr einnig hvort hafi verið höfð formleg samskipti við formenn nefnda um að þeir mæti á aðalfund. Formaður viðurkennir að slík samskipti hafi ekki verið uppi.

Kjartan Gunnar spyr hvort rætt hafi verið við uppsveitarfélögin um úrtöku fyrir Landsmót. Formaður segir að vinna vegna úrtöku sé að byrja. Kjartan Gunnar spyr einnig um félagsmót og vígslu í júlí. Formaður útskýrir fyrir fundinum að félagsmótið verði haldið 22 júlí og vígslan á fimmtudeginum þar á eftir, 31 júlí.
Skýrsla stjórnar borin upp til samþykktar.
Skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða.
Sjá skýrslu stjórnar sem fylgiskjal 1.

3. <u>Skýrsla gjaldkera.</u>

Ingibjörg Harðardóttir gjaldkeri les upp ársreikning félagsins.
Helstu tölur
Tekjur 2.253.565kr
Gjöld 1.084.488kr
Hagnaður 1.169.167kr
Gjaldkeri nefnir að hún hafi ekki gengið frá eignfærslu á hlut í Rangárbökkum ehf. Hún beinir því til nýrrar stjórnar að það verði gert sem fyrst.
Hljóðkerfi er ekki talið sem eign í félaginu, rætt um að eignfæra það ásamt öðrum minni búnaði sem félagið.
Fundurinn felur nýrri stjórn að fara yfir eignir og búnað félagsins.
Gjaldkeri fer yfir félagatal, í félaginu í dag eru 113 félagar.
Opnaði fundarstjóri á spurningar vegna ársreiknings 2012.

Ársreikningur samþykktur samhljóða Sjá ársreikning sem fylgiskjal 2

<u>4.Skýrslur nefnda:</u>

a. Vallarmótsnefnd.

Í vallarmótsnefnd sitja Eiríkur Steinsson, Benedikt Gústafsson og Thedór Vilmundarson. Eiríkur flytur munnlega skýrslu nefndar. Nefnir að Vallarmótið hafi tekist vel, keppt var í öllum flokkum ásamt smalakeppni. Góð þáttaka var í öllum flokkum nema ungmennaflokk. Rætt um hvort keppa eigi í kappreiðum á Vallarmótinu.

Bjarni Þorkelsson telur að skeiðkappreiðum væri ekki ofaukið. Skoða þurfi þessa hluti vel áður en eitthvað er ákveðið.

Guðmundur Birkir nefnir að skoða þurfi áhuga hjá fólki.

b. Reiðvallanefnd.

Í reiðvallanefnd 2013 sitja Snæbjörn Sigurðsson, Bjarni Þorkelsson og Benedikt Gústafsson.

Stjórn hefur unnið í samráði við nefnd við að ljúka framkvæmdum við völlinn. Vígsla verður 31 júlí nk.

Benedikt nefnir að á keppnissvæðinu sé ekkert hólf fyrir hross. Fella þurfi kjarr og rýma til þannig að til verði beitarhólf á svæðinu.

Birgir Leó gerir stuttlega grein fyrir framkvæmdum í desember, búið er að keyra efnið í skeiðbrautina til austurs. Töluverð mishæð er á vellinum. Rætt um hvort eigi að laga það eiga keppa áfram á honum eins og gert hefur verið.

Eiríkur Steinsson nefnir að þegar vígslu er lokið þá þurfi e-h til að að sjá um völlinn, nefnd eða umsjónaraðila.

Benedikt Gústafsson leggur fram reikninga nefndarinnar og er inneign á þeim 3.447.058.kr.

Sjá fylgiskjal 4.

c. Mótanefnd.

Í mótanefnd sitja Eiríkur Steinsson, Jóhann Reynir, Árni Benónýsson og Sölvi Arnarsson. Sölvi flytur skýrslu nefndar. Nefnir að starf mótanefndar og Vallarmótsnefndar skarist þannig að þar vinnur fólk saman að góðu móti. Skýrsla mótanefndar er fylgiskjal 3.

Mótanefnd velur Bjarna Bjarnason sem íþróttamann ársins 2013.

d. Útreiðarnefnd.

Í útreiðarnefnd sitja Sigurjón Reynisson og Kristinn Vilmundarson. Útreiðartúr ársins var farin 28 júní s.l. Hist var við Klausturhólaréttir og þaðan að Vaðnesi þar sem var grillað. Þaðan var farið að Hraunborgum þar sem hópurinn skiptist. Heildarfjöldi í ferðina var um 40 manns. Útreiðartúr sem þessi hefur verið hefur verið farin nánast á hverju ári frá stofnun félagsins.

e. Æskulýðsnefnd.

Í æskulýðsnefnd sitja Auður Gunnarsdóttir, Guðný Tómasdóttir og Sölvi Arnarsson. G.Birkir gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Starfið með hefðbundnu sniði, reiðnámskeið í ágúst þaðan sem farið í Kringlumýri og á Vallarmót.

f. Reiðveganefnd

Í reiðveganefnd sitja Birgir Leó Ólafsson, Kristinn Vilmundarson og Sigurður Halldórsson. Birgir Leó flytur skýrslu nefndar. Fundarstjóri opnar á spurningar vegna skýrslu reiðveganefndar.

Kjartan Gunnar nefnir að kaflinn frá Villingarvatni þurfi verulegs viðhalds. Birgir segir að til standi að fara í framkvæmdir í Grafningnum. Það er því eðlilegt að skoða forgangsröðun á svæðinu.

Benedikt nefnir að hann sé búinn að fá samþykki landeiganda fyrir nýrri leið frá Hraunborgum að Miðengi og Vaðnesi.

g. Árshátíðarnefnd

Sverrir Sigurjónsson og Kjartan Gunnar Jónsson. Kjartan Gunnar fór yfir helstu mál. Ca 120 manns mættu á árshátíð. Ákveðið hefur verið að árshátíð verði framvegis haldin í október. Kjartan beinir því til félagsmanna að þeir taki meiri þátt í uppákomum á vegum félagana. Hagnaður varð um ca 80.þús á félag.

h. Fræðslunefnd.

Í nefndinni sitja Bjarni Bjarnason, Sigurður Halldórsson og Linda Dögg Snæbjörnsdóttir.
Námskeið fyrir fullorðna var haldið í mars. Hugrún Jóhannsdóttir var kennari. Talað um að halda slík námskeið aftur.

6. Inntaka nýrra félaga.

Jónína Björk Ingvarsdóttir 260566 3189
Hildur Hallgrímsdóttir.
Guðjón Sigurliði Sigurðsson.
Ragnar Hinriksson.
Vala Benediktdóttir

Samþykkt með lófaklappi.

7.Kosningar í stjórn og nefndir.

1. **Formaður**

Guðmundur Birkir Þorkelsson kosinn með lófaklappi til eins árs.

2. **Gjaldkeri**

Ingibjörg Harðardóttir bíður ekki kost á sér. Ingibjörg tilnefnir Ragnheiði Bjarnadóttir.

3. Ritari

Ekki á að kjósa um ritara að þessu sinni. Sölvi biðst lausnar og Birgir Leó tilnefnd

Samþykkt með lófaklappi.

4. Meðstjórnendur

Jóhann Reynir Sveinbjörnsson. Gefur kost á sér áfram.
Kristinn Vilmundarson ekki kosið núna.

a. <u>Varamenn í stjórn.</u>

Kjartan Gunnar Jónsson situr áfram
Ingibjörg Harðardóttir tilnefnd og samþykkt.

5. Nefndir.

Stjórn ber upp eftirfarandi tillögur að nefndum.

a. Vallamótsnefnd

Kjartan Gunnar Jónsson, Benedikt Gústafsson og Jóhann Gunnar Friðgeirsson.
Samþykkt samhljóða með lófaklaappi.

b. Mótanefnd.

Jóhann Reynir Sveinbjarnarson, Árni Benónýsson og Sölvi Arnarsson
Samþykkt samhljóða með lófaklappi.

c.Fræðslunefnd.

Sigurður Halldórsson, Linda Dögg Snæbjörnsdóttir og Bjarni Bjarnason.
Samþykkt samhljóða með lófaklappi.

c. Útreiðarnefnd.

Kristinn Vilmundarson og Benediktsson.
Samþykkt samhljóða með lófaklappi.

d. Reiðvallarnefnd.

Snæbjörn Sigurðsson, Bjarni Þorkelsson og Benedikt Gústafsson.
Ekki er kosið um reiðvallanefnd. Þar sem aðalfundarsamþykkt síðan 2006 smþykkt að núverandi nefnd myndi sitja uns völlurinn yrði klár.

e. Æskulýðsnefnd.

Auður Gunnarsdóttir, Guðný Tómsdóttir.

f. Reiðveganefnd.

Birgir Leó Ólafsson, Kristinn Vilmundarson og Sigurður Halldórsson.
Samþykkt samhljóða með lófaklappi.

g. Skoðunarmenn reikninga.

Sigurður Gunnarsson og Ingibjörg Harðadóttir
Til vara Óli Fjalar Böðvarsson
Samþykkt samhljóða með lófaklappi.

h. Skemmtinefnd (árshátíðarnefnd áður).

Sverrir Sigurjónsson, Ragnar Hinriksson og Kjartan Gunnar Jónsson.
Samþykkt með lófaklappi.

8.Önnur mál.

Formaður leggur til að félagsgjöld verði óbreytt á næsta ár. Samþykkt samhljóða.
Kristinn spyr hvernig eigi að standa að því að velja nafn á völlinn á Laugarvatni. Tillaga borin upp um að stjórn og Vallarnefnd vinni að því að finna gott nafn á nýjan völl á Laugarvatni sem verður svo kynnt á vígsludegi vallarins þann 31 júlí n.k.
Stjórn mun skoða hvort finna megi góðan stað fyrir bikara sem eru ekki lengur notaðir.

Ekki fleira rætt og fundi slitið 23:07
Birgir Leó Ólafsson fundarritari

Fylgiskjöl er fylgja aðalfundargerð 2013 eru eftirfarandi

1. Ársreikningur Hestamannafélagsins Trausta 2012.
2.
3. Reikningsyfirlit fyrir reikning Reiðvallanefndar.
4. Skýrsla íþróttanefndar.


HESTAMANNAFÉLAGIÐ
TRAUSTI


LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
íþrótt, menning, lífsstíll